



Ársskýrsla 2012 - 2013

Stjórnandi **Martin Markvoll**

Litla Lúðró

Pverflauta	Silja Rós Ingadóttir Margrét Lilja Einarsdóttir (líka í Stóru Lúðró)
Klarinett	Birta Sigþórsdóttir Sigrún Birta Sturludóttir Védís Ýr Bergþórsdóttir (byrjaði í nóvember)
Kornett	Dagný Inga Magnúsdóttir Díana Dóra Baldursdóttir
Básúna	Salvör Mist Sigurðardóttir (líka í Stóru Lúðró)
Barítónhorn	Ingimar Þrastarson Valdimar H. Lárusson (líka í Stóru Lúðró)
Píanó	Vaka Þorsteinsdóttir
Gítar	Ásgerður E. Einarsdóttir Strand (byrjaði í október) Ísak Örn Baldursson
Slagverk	Jóel Helgi Reynisson (flutti eftir áramót) Oliver Darri Þrastarson
Klukkuspil	Halldóra Margrét Pálsdóttir

Þeir sem hætta í Litlu Lúðró sumarið 2012:

Viktória Síf Guðmundsdóttir – flauta (flutti til Noregs sumarið 2012)

Íris Rós Heimisdóttir – flauta

Emilía Ósk Guðmundsdóttir – klarinett

Tómas Helgi Baldursson – slagverk

Stóra Lúðró

Altflauta	Jóhanna Kristín Guðjónsdóttir
Pverflauta	Björg Brimrún Sigurðardóttir Eydís Bára Ómarsdóttir Margrét Lilja Einarsdóttir María Rún Halldórsdóttir Theodóra Björk Ægisdóttir
Óbó	Gunnar Þorgeirsson, kennari
Klarinett	Anna Soffía Lárusdóttir Guðrún Bergmann Agnarsdóttir Thelma Ólafsdóttir (líka bassaklarinett)
Altsax	Sigurður Guðmundsson
Kornett	Rebekka Rán Karlsdóttir Valdimar Hannes Lárusson
Trompet	Halldóra Kristín Lárusdóttir Haukur Páll Kristinsson Leifur Harðarson (hætti eftir áramót)
Horn	Elín Sóley Reynisdóttir Sara Rós H. Róbertsdóttir (klukkuspil fyrir jól og horn eftir áramót) Valdimar Ólafsson
Básúna	Hrefna Rós Lárusdóttir Rúna Birna Jóhannesdóttir Salvör Mist Sigurðardóttir
Túba	Hafsteinn Helgi Davíðsson
Píanó	Þórhildur Hólmgeirsdóttir
Gítar	Hraundís Lilja Pálsdóttir
Rafbassi	Benedikt Óskarsson (hætti eftir áramót)
Slagverk	Dawid Einar Karlsson (hætti eftir páska) Eypór Óskarsson Haraldur Björgvin Helgason Hinrik Þór Þórisson Jóel Bjarki Sigurðarson Jón Grétar Benjamínsson Hafþór S. Guðmundsson, kennari
Klukkuspil	Sara Rós Hulda Róbertsdóttir Ísól Lilja Róbertsdóttir (byrjaði í nóvember)

Þeir sem hætta í lúðrasveitinni sumarið 2012:

Árþóra Ingibjörg Álfgeirsdóttir, klarinett
Högna Ósk Álfgeirsdóttir, tenorsax (flutt)
Anna Lind Særúnardóttir, kornett
Jónína Riedel, píanó (flutt)
Hekla Fönn Dórudóttir, gítar (flutt)
Birkir Freyr Júlíusson, slagverk

Víkingasveitin

Hér má sjá hverjir voru í sveitinni þennan vetur. Þeir nemendur sem merkt er við voru líka í Fjölbautarskóla Snæfellinga (FSn) og tóku þátt í valverkefni sem fólst í að spila með *Stórsveit Snæfellsness*. Stórsveit Snæfellsness er stórsveit (bigband) undir stjórn Baldurs Orra Rafnssonar. Í stórsveitinni voru nemendur frá öllu Snæfellsnesi.

Trompet	Halldóra Kristín Lárusdóttir Leifur Harðarson* Rebekka Rán Karlsdóttir*
Franskt horn	Elín Sóley Reynisdóttir*
Básúna	Hrefna Rós Lárusdóttir*
Túba	Hafsteinn Helgi Davíðsson
Píanó	(Halldóra Kristín Lárusdóttir)
Gítar	Jón Glúmur Hólmgeirsson
Bassi	(Hafsteinn Helgi Davíðsson)
Trommur	Eyþór Óskarsson* Hinrik Þór Þórisson

Trommusveit

Eldri trommunemendur æfðu reglulega og komu fram við ýmis tækifæri. Má þar nefna Dag tónlistarskólanna, skólaslit, hátíð Verkalýðsfélags Snæfellsness í Ólafsvík og Stykkishólmi 1. maí.

Aðal verkefnið í vetur var *Kickbutt Cadences*, tónverk í 4 köflum sem er samið sérstaklega fyrir trommusveit (drumline).

Hafþór S. Guðmundsson	sneriltromma, kennari
Haraldur B. Helgason	sneriltromma
Hinrik Þór Þórisson	sneriltromma
Eyþór Óskarsson	tritoms
Jón Grétar Benjamínsson	cymbalar
Martin Markvoll	bassatromma, kennari

Ný hljóðfæri

Jupiter bassaklarinett var keypt nýtt frá Tónastöðinni í janúar 2013 á kr. 218.000.

Starfsárið 2012-13

30. ágúst – Fyrsta æfing haustsins hjá Stóru Lúðró

5. september – Fyrsta æfing haustsins hjá Litlu Lúðró

5. – 6. október – Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró

Æft var fyrir hausttónleikana. Hópæfingar, kvöldmatur og samæfing á föstudag. Gunnar Þorgeirsson, Hafþór S. Guðmundsson, Hólmgeir S. Þorsteinsson, Lárus Pétursson og Martin voru kennarar á föstudag.

Á laugardag var samæfing og tónleikar þar sem spilað var yfir lögin sem æfð voru: *Afmælissöngurinn*, *We Will Rock You*, *The Kraken*, *Emil í Kattholti*, *Tequila*, *Colors of the Wind* og *Stamp*.

25. október – Aðalfundur foreldrafélagsins

Aðalheiður St. Sigurðardóttir og Þröstur Gunnlaugsson voru kosin ný í stjórn. Helga Björg Marteinsdóttir var endurkosin.

Rætt var um fjáröflun, búningamál, ferðalag, tónleikar og fleira í tilefni af 70 ára afmæli árið 2014.

3. nóvember – Æfingabúðir hjá Litlu Lúðró

Æft var fyrir hausttónleikana. Klukkan 17:00 voru tónleikar þar sem spilað var yfir lögin sem æfð voru: *Kóngurinn kemur*, *Haustlag*, *Nem Kuela (Sólblóm)*, *Tröllumars* og *Rokk*.

8. nóvember – Hausttónleikar lúðrasveitarinnar 2012

Tónleikarnir voru haldnir í Stykkishólmskirkju kl. 19:00. Kynnir var Jóhanna Guðmundsdóttir.

Yngri trommusveit

Rock 'n' Roll

Litla Lúðró

Kóngurinn kemur, *Haustlag*, *Nem Kuela*, *Tröllumars* og *Rock*

Eldri trommusveit

Kickbutt Cadences, 1. og 2. kafli

Stóra Lúðró

We Will Rock You, *Percussion Patrol*, *Jungle Drum*, *Emil í Kattholti (I, II og III)*, *Stamp*, *Colors of the Wind*, *The Kraken* (þar sem László Petö spilaði með á pípuorgelið) og *Tequila* (aukalag).

9. nóvember – Skólatónleikar fyrir GSS

Skólatónleikar voru haldnir fyrir nemendur og starfsfólk grunnskólans kl. 11:30. Sama efnisskrá, en röðinni var breytt örlítið.

29. nóvember – Litla Lúðró í leikskólanum

Leikskólatónleikar; *Mæja átti lítið lamb*, *Nem Kuela* og *Rock*, auk þess sem nánast allir spiluðu eitt lítið lag einir.

13. desember – Jólatónleikar tónlistarskólans í kirkjunni

Litla Lúðró spilaði *Bráðum koma blessuð jólin*. Sveinn A. Davíðsson söng *Litla trommuleikarann* með Stóru Lúðró. Auk þess spilaði sveitin *Snjókorn falla*. Blásararnir úr Víkingasveitinni og kennarar skólans spiluðu *Bráðum koma blessuð jólin* í útsetningu eftir Halldóru K. Lárusdóttur. Allir sungu með.

23. febrúar – Dagur tónlistarskólanna

Litla Lúðró spilaði *Stykkishólmur* og *Nem Kuela*, en eldri trommusveitin spilaði þrjá kafla úr *Kickbutt Cadences*.

6. apríl – Æfingabúðir hjá Litlu Lúðró

Æft var fyrir vortónleikana. Klukkan 17:00 voru tónleikar þar sem spilað var yfir lögina sem æfð voru: *Vorlag*, *1-2-3-Om-pa-pa*, *Gamli sólskins snigill*, *Stykkishólmur*, *Facebook*, *Oh*, *When the Saints* og *Smoke on the Water*.

12. – 13. apríl – Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró

Æft var fyrir vortónleikana. Samæfing og kvöldmat á föstudag. Hópæfingar og samæfing á laugardag. Gunnar Þorgeirsson, Hafþór S. Guðmundsson, Hólmgeir S. Þorsteinsson og Martin voru kennarar á hópæfingunum.

Á laugardag kl. 17:30 voru svo tónleikar þar sem spilað var yfir flest lögina sem æfð voru: *Öxar við ána*, *Maistjarnan*, *Discovery March*, *One Thing*, *Axel F* og *Leyndarmál*.

19. apríl – Litla Lúðró í leikskólanum

Leikskólatónleikar; *Vorlag*, *Smoke on the Water* og *Stykkishólmur*, auk þess sem nánast allir spiluðu eitt lítið lag í smærri hópum.

26. apríl – Aðalfundur SÍSL í Reykjavík

Martin mætti og var kosinn varamaður í stjórn.

Óskað var eftir að halda B-landsmót SÍSL í Stykkishólmi vorið 2014. Var það rætt í stjórn foreldrafélagsins og síðar á fundi allra lúðrasveitarfélaga eftir vortónleika 9. maí. Einnig var það rætt við bæjarstjóra og yfirmenn íþróttahússins og grunnskólans. Allir tóku vel í málið og er undirbúningur mótsins nú hafinn.

1. maí – Trommusveitin að spila

Trommusveitin var ráðin til að spila við hátíðahöld Verkalýðsfélags Snæfellsness 1. maí í Ólafsvík og á Hótel Stykkishólmi. Hafþór og Martin fylgdu hópnum og spiluðu með. Auk trommusveitarinnar spiluðu Elín Sóley Reynisdóttir og Hrefna Rós Lárusdóttir í Stykkishólmi á franskt horn og básúnu. László Petö spilaði með þeim á píanó.

9. maí – Vortónleikar lúðrasveitarinnar 2013

Tónleikarnir voru haldnir í Stykkishólmskirkju á uppstigingardag kl. 17:00. Kynnir var Jóhanna Guðmundsdóttir.

Litla Lúðró

Vorlag, Stykkishólmur, Oh, When the Saints, 1-2-3-Om-pa-pa, Facebook, og Smoke on the Water.

Stóra Lúðró

Öxar við ána, Axel F, Maístjarnan, One Thing, Blessuð sértu sveitin mín og Leyndarmál.

16. maí – Skólaslit tónlistarskólans

Eldri trommusveitin spilaði *Kickbutt Cadences*, alla 4 kaflana.

26. maí – Skólalúðrasveit Tónlistarskóla Seltjarnarness í heimsókn

Skólalúðrasveit Tónlistarskóla Seltjarnarness kom í heimsókn helgina 25. - 26. maí ásamt stjórnanda sínum, Kára Húnfjörð Einarssyni. Krakkarnir gistu í grunnskólanum og fóru m.a. í siglingu. Á sunnudag hittust fjórar lúðrasveitir í kirkjunni til að æfa saman; yngri og eldri sveitirnar frá bæði Seltjarnarnesi og Stykkishólmi. Kl. 13:00 voru svo tónleikar þar sem spilað var bæði til skiptis og saman. Yngri sveitirnar spiluðu saman *Nem Kuela* og *Blúsa-mús*, en eldri sveitirnar spiluðu saman *Leyndarmál* og *Little Talks*.

1. júní – Þvottadagur

Allir málmblásarar og trommuleikarar voru boðaðir, en ekki nema helmingurinn mætti. Hljóðfærin voru böðuð og þússuð. Á meðan þau voru í baði voru krakkarnir í bíó í tónfræðistofunni (*Aulinn ég*).

2. júní – Sjómannadagur og heimsókn frá Lúðrasveit Verkalýðsins

Á sjómannadag kom Lúðrasveit Verkalýðsins í heimsókn til Stykkishólms. Stjórnandi hennar er Kári H. Einarsson og í hópnum voru 20 hljóðfæraleikarar. Eftir hádegi hittumst við öll í tónlistarskólanum. Þaðan var farið í skruðgöngu niður að höfn. Áður en lagt var af stað spiluðu sveitirnar nokkur lög fyrir utan dvalarheimilið. Við höfnina spiluðu sveitirnar bæði saman og hver fyrir sig. Eftir það spilaði LV um borð í Baldri og fór svo með honum í siglingu.

13. júní – Lokaæfing og grill

Litla og Stóra Lúðró æfðu skrúðgöngu saman. Eftir æfinguna var farið í grill upp í «nýrækt». Foreldrafélagið keypti kol á grillið, en hver fjölskylda sá um mat fyrir sig og sína. Veðrið var gott og góð mæting.

17. júní – Þjóðhátíðardagur

Litla Lúðró, Stóra Lúðró og Trommusveitin tóku þátt í skrúðgöngu frá tónlistarskólanum, niður Skólastíg, upp Aðalgötu og inn í Hólmgarð. Þar lék lúðrasveitin nokkur lög; *Öxar við ána*, *Valdresmarsj* og *Ó, Guð vors lands*. Halla Dís Hallfreðsdóttir söng þjóðsönginn með sveitinni. Auk þess kom Litla Lúðró fram í skemmtidagskrá og spilaði *Nem Kuela* og *Smoke on the Water*.

Auk þess hefur...

- Litla Lúðró æft frá 14:44 - 15:30 á hverjum miðvikudegi.
- Stóra lúðró æft frá 16:44 - 18:30 á hverjum fimmtudegi.
- Trommusveitin æft u.þ.b. annan hvern þriðjudag.
- FSn-sveitin æft á miðvikudögum í Tónlistarskóla Grundarfjarðar.

Martin Markvoll

Stykkishólmi, 2. september 2013